

**AUGLÝSING****38**

21. febr.

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 12 26. jan. 1953.**

Stafliður A í fyrsta kafla gjaldskrárinnar verði svo hljóðandi:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.-mæli á kr. 2.40 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a. Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur, kr. 1.00 á fermetra á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h., kr. 0.50 á fermetra á mánuði.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 21. febrúar 1956.***Steingrímur Steinþórsson.***Þorv. K. Þorsteinsson.***REGLUGERÐ****39**

19. marz

**um heimilishjálp á Akranesi.****1. gr.**

Framfærslunefnd Akraneskaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar á Akranesi í umboði bæjarstjórnarinnar og undir yfirstjórn bæjarstjóra.

**2. gr.**

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

**3. gr.**

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks, eina konu til heimilishjálpar. Nefndinni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

**4. gr.**

Bæjarsjóður Akraness ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

13